

Pjétur Maack bauð gesti velkomna, afhenti þeim sýningarskrár og síðan var hafizt handa.



Þau sóma sér vel saman þessi tvö, eða hvað?



Hvað skyldi hún vera að gera þessi?



Það er munur að geta teygt sig svona, virðast þau hugsa. Já, hvað skyldi þetta nú vera?

sagði maður nokkur, sem stóð og skoðaði verk meistarans með mikilli athygli. Þeir voru margir, sem höfðu sömu skoðun og hann, en sögðu, að það væri gaman að skoða ljósmyndirnar, þótt þeir tækju nú málverkasýningar fram yfir.

Þessir sextiu vistmenn frá elliheimilunum höfðu augljóslega mikla ánægju af sýningunum tveim, þó að skoðanir væru skiptar eins og gengur. Ánægjan skein út úr hverju andliti, hvort sem skoðaðar voru hrikalegar landslagsmyndir eða ljósmyndir af borgarlifinu. Það er ábyggilega ekki hægt að fá áhugasamari gesti en gamla fólkið og ætti að gera miklu meira af því að bjóða því á sýningar í höfuðborginni heldur en verið hefur.

# Kjarval

## — vistfólki á elliheimilum boðið að skoða sýningar

Ljósmyndir Róbert



Gott var að setjast niður og hvíla sig ögn, þegar búið var að ganga um og skoða.


## Skólastjóri – Kennarar

Skólastjóra og kennara vantar við barna- og unglingaskólann Hólmavík. Gott húsnæði til staðar. Upplýsingar gefa Jón Kr. Kristinsson sveitarstjóri í síma 95-3112 og Sigurður Helgason í Menntamálaráðuneytinu.

Skólanefnd.

## Tónlistarskóli Hafnarfjarðar

fer fram á fræðsluskrifstofunni (íþróttahúsinu) dagana 15. til 19. september kl. 1-4 e.h. Sími 5-34-44.
Skólastjóri verður til viðtals á skrifstofu skólans, Strandgötu 23, daglega frá kl. 5-7 e.h. Sími 5-27-04.
Kennslugreinar: Píanó, fiðla, gítar, klarinett, þverflauta.
Undirbúningsdeild fyrir börn á aldrinum 6-9 ára. Kennslugreinar: Tón-föndur, söngur, nótnalestur og blokkflautuleikur. Skólahljómsveit verður starfrækt.

Fræðslustjóri.